

Ár 2006 föstudaginn 24. mars er fyrir tekið mál nr. 4/2006 af Bergþóru Sigmundsdóttur dómsformanni Dómstóls HSÍ í skrifstofu HSÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og kveðinn upp úrskurður:

Kæra handknattleiksdeildar ÍBV, kt. 680197-2029, (hér eftir nefnt ÍBV), Túsheimilinu, Vestmannaeyjum, er barst skrifstofu HSÍ þann 9. mars 2006 kl. 9:12 með símbréfi, og var móttækin af starfsmanni skrifstofu HSÍ kl. 9:25 þann sama dag, þingskjal nr. 1, vegna ákvörðunar starfsmanns skrifstofu HSÍ hinn 3. mars 2006 um að veita Juan Pablo Fernandez, fd. 30. september 1998, ekki leikheimild með meistaraflokki ÍBV. Frumrit kærunnar hefur ekki borist dómnum eins og skylt er samkvæmt 1. tl. 6. gr. laga um dómstóla HSÍ.

### **Málsatvik:**

Hinn 13. febrúar 2006 lagði ÍBV fram beiðni á skrifstofu HSÍ um félagaskipti fyrir karlmann að nafni Juan Pablo Fernandez f. 1988 með þýskt ríkisfang er lék síðast með félagi í Argentínu. Óskað var eftir því að leikmaðurinn fengi félagaskipti í ÍBV og leikheimild með öllum flokkum félagsins.

Með tölvupósti hinn 3. mars 2006 kl. 19:27 veitti starfsmaður skrifstofu HSÍ Juan Pablo Fernandez leikheimild með 2. og 3. flokki ÍBV á grundvelli reglugerðar 3.2.6 um handknattleiksmót. Í tölvupóstinum kom eftirfarandi fram: “Leikmaðurinn fær ekki leikheimild með meistaraflokki samkvæmt reglugerð 3.1.6 í lögum HSÍ.”

HSÍ barst hinn 6. mars 2006 í símbréf staðfesting International Handball Federation (IHF) á “international Transfer” varðandi leikmanninn.

### **Kröfur og rökstuðningur:**

ÍBV gerir þá kröfu að leikmaðurinn fái leikheimild með meistaraflokki félagsins. Rök ÍBV eru þau að leikmaðurinn sé með þýskt ríkisfang og vísar í því sambandi til laga um Evrópska Efnahagssvæðið og kveðst efast því um að ákvörðunin standist um ungt fólk, eins og segir í kærinni. Leikmanni undir 18 ára aldri sé frjálst að skipta um félag á Íslandi og ekki sé hægt að takmarka leikheimild leikmanns við ákveðna flokka. Um leið og leikmaður öðlist leikheimild með félagi þá öðlist hann leikheimild með meistaraflokki þess félags. Synjun starfsmanns skrifstofu HSÍ sé ekki í anda laga HSÍ. Vísað er til ákvæða í reglugerð HSÍ um handknattleiksmót 3.2.1 og 3.2.6.

Starfsmaður skrifstofu HSÍ byggir ákvörðun sína á reglugerð um handknattleiksmót 3.1.6 varðandi rökstuðning fyrir ákvörðun sinni.

### **Niðurstaða:**

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ skal formaður dómsins, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. gr. geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá með úrskurði.

Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga um dómstóla HSÍ er kærufrestur til Dómstóls HSÍ 24 tímar frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Berist Dómstóli HSÍ ekki mál innan tilskilins frest er málið ekki tækt til meðferðar og með löggjöfnun frá ákvæði 6. gr. laga um Dómstól HSÍ er unnt að beita ákvæði 2. tl. 7. gr. laga um Dómstól HSÍ.

Handknattleiksdeild ÍBV barst ákvörðun starfsmanns skrifstofu HSÍ hinn 3. mars 2006 kl. 19:27. Kæra handknattleiksdeildar ÍBV barst Dómstóli HSÍ hinn 9. mars 2006 kl. 9:12. Kæran barst því dómstólnum ekki innan tilskilins kærufrests og er því kærinni vísað frá Dómstóli HSÍ með vísan til framangreindrar löggjöfnunar.

### **Ú R S K U R Ð A R O Ð:**

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV á ákvörðun starfsmanns skrifstofu HSÍ um að leikmaðurinn Juan Pablo Fernandez fái ekki leikheimild með meistaflokki félagsins er vísað frá Dómstóli HSÍ.

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður (sign)